

GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI.

Inngangur.

Markmið skipulagsins er að fram sem mestu samræmi í húsbýggingum á hafnarsvæðinu, auka athafnasvæði inni á lóðum, en jafnframt gera ráð fyrir stækkunarmöguleikum húsa eins og kostur er.

Gatnakert er breytt til að auðvelda bungalumerfið bíla og tækja innan svæðisins.

BRIMBRJÓTUR.

Miklar framkvæmdir hafa farið fram við Brjótinn, hann hefur verið breiðkaður og lengdur. Með þessum breytingum geta bátar og skip nú landsá og legið við kantinn mestan hluta árs. Talsvert sög er þó í höfninni þegar ólúnað er mikil í vöndum veðrum.

Mikil efnisflutningar eiga sér stað í og við höfnina og er ætíunin að dýpmæla allt svæðið sumarið 1995.

Áætlað er að farmstöðvar og gámasvæði verði á Brjótinum í framtíðinni. Endurnýjaðar verða lagir og lýsing.

Litð gefur yfir garðinn eftir stækkun, samt sem áður verður að taka mið af hugsanlegum sjógangi við mannvirkjagerð á svæðinu.

GRUNDARGARÐUR.

Löndunútskipun og viðlega togara og löðnubáta verður áfram við Grundargarð.

Skipulagið gerir ráð fyrir auknu athafnaplássi á Grundargarði með breikkin hans (hann verði allt að 30 m breiður) og einni lengingu í átt að landi. Einnig barðast lagir á Grundargarði endurnýjunar.

Lagfæringar á garðinum eru forgangsréttar, vegna veðrunar og sigs er nauðsynlegt að gera á honum bráðabirgðaviðgerðir hið fyrsta.

Kanturinn er nú um 120 m langur, en reiknað er með 50 m lenginu.

INNRI HÖFNIN.

Höfnin hefur verið frá hugmyndum um varnargarð fyrir smábáthöfn í innri höfninni. Mikil þörf er á fleiri viðleguþlassum fyrir smábáta og er gert ráð fyrir nýri flotbryggjum 35 m innan við þá sem fyrir er.

Með dýpkun í innri höfninni og því, að hægt verði að veita ánni í leiðslu út fyrir Grundargarð, má reikna með að lagnabásir verði minna vandamálið inni í höfninni.

LÆKJARBYGGJA.

Við Lækjarbyggju fer fram löndun úr minni bátum. Þar er einnig viðgerðarkantur og viðlega fyrir meðalstóra báta.

AKSTURSLÉIDIR UM HAFNARSVÆÐIÐ.

Breytt hefur verið út frá samþykktu aðalskipulagi 1980-2000 og reiknað með því að aðalaksurleiðin um hafnarsvæðið milli Grundargarðs, hafnarvogar og Brjótins verði framan við vinnsluhúsin inni í höfninni. Bilasvæði eru ætíð á tveimur stöðum, við Grundargarð og miðsvæðis við Árbæjarkant.

HAFNARVOG.

Ný hafnarvog með tilheyrandi vogarhúsi og tækjagæmslu hefur verið staðsett við Árbæjarkant næst Brjótinum. Staðurinn er miðsvæðis og gefur möguleika á nokkuð góðri yfirsyn yfir hafnarsvæðið.

VIÐGERÐIR.

Ekki er um nein afmarkaðan viðgerðarkant að ræða en viðgerðir hafa farið fram víti og breitt um hafnarsvæðið og mun svo verða áfram.

ABSTADA FYRIR SKUTSKIP.

Gert er ráð fyrir byggingu fyrir skutskip inni við Brjótinn. Staðsetningin er ekki galllaus, þar sem talsverð hreyfing getur verið á þessu svæði vegna sögs. Aukinn fái á landinu við Árbæjarkant mun draga úr frakasti.

LÓDIR Á HAFNARSVÆÐINU.

Lódir næst hafnarkanti eru að mestu í eigu bæjarins, en lódir næst Hafnarvögu (nóur að upphaflegri sjávarlínu) í eigu einkaaðila. Á svæðinu er athafnapláss vegna af skomum skammti umhverfis húsin. Best væri ef lódir húsa sem standa við Árbæjarkant næðu upp að Hafnarvögu.

Fyrir botni hafnarinnar er verið að byggja upp fiskvinnslufyrirtæki og þar verður að gera ráð fyrir hæfilega stórum lóðum.

DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR ÞESSI LÁ FRAMMI TIL KYNNINGAR SAMKVÆMT SKIPULAGSLÖGUM NR. 19/1964. FRÁ 22.06 TIL 25.07 1995.

BÆJARSTJÓRN BOLUNGARVÍKUR SAMÞYKKTU UPPRÁTTINN HINN 05.10 1995.

SKIPULAGSUPPRÁTTUR ÞESSI STAÐFESTIST HÉR MEÐ SKV. LÖGUM NR. 19 FRÁ 21. MAÍ 1964 OG BIRTIST TIL LEIÐBEININGAR OG EFTIRBREYTNÍ ÖLLUM ÞEIM SEM HLUT EIGA AD MÁLI.

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ 22. des. 1995.

Neðan Grundarstigs standa þrjú íbúðarhúsi inni á fiskvinnslu- og löðnarsvæðinu, gert er ráð fyrir þeim íbúðarbyggð á aðalskipulagi en æskilegt væri að hún hlyti þaðan með tímanum.

Gæta þarf aðhalds við úthlutan lóða á hafnarsvæðinu svo þar verði einungis sú starfsemi sem þarf að vera nálægt höfninni (hafnsækin starfsemi).

Ekki er reiknað með hæmri en tveggja hæða húsum á hafnarsvæðinu. Nýjngarhlutfall svæðisins er 0.7.

STÆRDIR LÓÐA OG BYGGINGARREITA.

- Grundarstigur 10 stærð lóðar: 2.340 m² stærð byggingarreit: 648 m² þarf af hús: 426 m²
- Grundarstigur 2-4 stærð lóðar: 1.680 m² stærð byggingarreit: 420 m² þarf af hús: 221 m²
- Grundarstigur 12 stærð lóðar: 2.520 m² stærð byggingarreit: 800 m²
- Grundarstigur 5 stærð lóðar: 2.400 m² stærð byggingarreit: 700 m² þarf af hús: 338 m²
- Sjávarbraut 11 stærð lóðar: 2.340 m² stærð byggingarreit: 544 m²
- Sjávarbraut 3 stærð lóðar: 1.710 m² stærð byggingarreit: 360 m²
- Hafnarvögu 8 stærð lóðar: stærð byggingarreit: 771 m² þarf af hús: 351 m²
- Árbæjarkantur 7 stærð lóðar: stærð byggingarreit: 342 m² þarf af hús: 240 m²
- Búarkantur 2 stærð lóðar: stærð byggingarreit: 354 m² þarf af hús: 180 m²
- Hafnarvögu 56-8 stærð lóðar: stærð byggingarreit: 705 m² þarf af hús: 481 m²
- Fiskvinnsluhús við Brimbrjótsgötu stærð lóðar: stærð byggingarreit: 1037 m² (viðbygging)
- Á Brimbrjót stærð lóðar: 1.220 m² stærð byggingarreit: 528 m²
- Á Brimbrjót stærð lóðar: 1.220 m² stærð byggingarreit: 528 m²

ABSTADA FYRIR BJÖRGUNARBÁT.

Framan við hús björgunarsveitarinnar við Árbæjarkant er gert ráð fyrir því að taka megi björgunarbát í hús og setja niður.

UPPSÁTUR OG ÚTIVISTARSVÆÐI VIÐ HÓLSÁRÓS.

Umhverfi Hólsár er ákaflega falllegt og það má skipuleggja og rækta upp sem útivistarsvæði, af því getur orðið mikil þrygð fyrir bæinn og hafnarsvæðið. Næst ánni er fyrirhugað uppsátur fyrir smábáta, en viðhaldsvinnan við þá, sem hingað til hefur farið fram á gryningunum fyrir botni hafnarinnar, er einn af einkennandi þáttum mannlífs í sjávarplássi og úrgerðar.

GAMLA VERBÚÐIN.

Gamla verbúðin við Hafnarvögu er sú eina sinnar tegundar sem eftir er í Bolungarvík. Ánægjulegt væri ef hægt yrði að finna henni einhverj not svo hún megi standa áfram til minningar um þá tíma þegar Bolvökingar bjuggu allir neðan Hafnarvögu.

MINNISVARDI.

Tillagan spyr hugmynd að staðsetningu fyrir minnisvarða sjómanna við innsiglinguna í höfnina.

SPENNISTÖÐVAR.


Nýleg spennistöð er fyrir botni hafnarinnar. Gera verður ráð fyrir spennistöð á Brjótinum fyrir farmstöðvar og gámasplan (við miðmastur).

UPPRÁTTUR ÞESSI VAR AFGREIDDUR AF SKIPULAGSSTJÓRN RÁÐSINS TILSTJÓRNARRÁÐSINS TIL STAÐFESTINGAR HINN 25.10 1995.

Staðfestingarmarkir

Staðfestingarmarkir

Staðfestingarmarkir



BOLUNGARVÍKURHÖFN

Deiliskipulag mkv: 1/1000 dags: 09.95

Elisabet Gunnarsdóttir arkitekt fai Teiknistofa Adalstraeti 22, 400 Isaförð, símafax: 456.4709

Staðfestingarmarkir